

Tungumálatorg: Evrópumerkið 2015

Starfsmenntatorg: Ný skýrsla um starfsmenntakerfi í Evrópulöndum



[CEDEFOP – Miðstöð fyrir þróun starfsmenntunar í Evrópu](#) hefur gefið út sérstakt afmælisrit með ítarlegum upplýsingum um starfsmenntakerfi í löndum Evrópusambandsins og EES löndum. Alls eru lýsingar á starfsmenntakerfum í 30 löndum.

Ritið er ókeypis og hægt að nálgast það á [rafrænu formi á vef CEDEFOPs \(smella hér\)](#).

[...read more](#)

Jafnréttistorg opnað í dag

Í dag opnar [Jafnréttistorg](#) þar sem er að finna fjölbreytt og fróðlegt kennsluefni um jafnréttismál. Smíði torgsins hefur verið stýrt af Skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar í samstarfi við Menntamiðju

Jafnréttistorg



og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Það er [Fríða Rós Valdimarsdóttir](#) hefur umsjón með síðunni.

Fjölmargar hugmyndir um kennslu- og umræðuefni eru nú þegar komnar inn á vefinn en fólk er hvatt til að senda inn fleiri hugmyndir því vefurinn mun verða í stöðugri þróun.

Jafnréttistorg er hýst á <http://jafnrettistorg.is>

UT-torg: Fréttabréf eTwinning

[Septemberfréttabréf eTwinning](#) var að koma út. Eins og vanalega er það stútfullt af fræðandi og áhugaverðu efni. Landskrifstofan nýtir samfélagsmiðlana [Facebook](#) og [Twitter](#), við hvetjum ykkur til að fylgjast með þeim þar. Umræðumerki þeirra er #eTwinningISL.

Í fréttabréfinu er fjallað um að hverju ber að huga að næsta skólaár, verkefnahugmyndir og íslensk kennslumyndskeið. Nýja útgáfan af eTwinning er mjög spennandi og kallast LIVE sem gerir kennurum kleift að streyma hljóði og mynd og halda fundi í rauntíma. Þá er fjallað um nýju vefgátt School Education, eTwinning þema í Samspili 2015 og vinnustofu á Sommaröy.

<a class="colorbox" href="http://us5.campaign-archive1.com/?u=3c48b16d2843994a8874456a9&id=e924e05e81#Twface" [...read more](#)

Samspil 2015: Aukanámskeið Haust 2015

Haustið 2015 verða haldin tvö aukanámskeið (s.k. Útspil) í tengslum við Samspil 2015: UT átak Menntamiðju og UT-torgs. Útspil er staðbundið námskeið sem ætlað er að kynna fyrir kennurum nýjungar í upplýsingatækni í námi og kennslu og búa þá undir frekari fræðslu sem fer fram á netinu, aðallega með vefmálstofum og umræðum og upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlum. Námskeiðin verða haldin í Reykjavík þann 26. september og 8. október. Frekari upplýsingar og skráning eru á vef Samspils, <http://samspil.menntamidja.is>.



Tungumálatorg:
tungumáladagurinn

Evrópski